



Edda Jónsdóttir: Hluti af myndverkinu Fjöll, 1986.



Lisa K. Guðjónsdóttir: Eyðijörð, 1985.



Jenny Guðmundsdóttir: Úr myndröð um Konuna.



Friðrika Geirsdóttir: Engill, 1986. Dúskurður.

athygli. Þannig var að við Björg Þorsteinsdóttir höfðum fengið inngöngu í svonefnt „Atelier 17“ í París, margfrægt grafíkverkstæði sem rekið var af enska þrykklistamanninum Stanley William Hayter. Atelier 17 var ekki skóli heldur verkstæði þar sem grafíkerar úr öllum áttum komu til að bæta við þekkingu sína. Þeir skildu eftir nokkur þrykk í vörslu Hayters og hluta af þeim sendi hann til Íslands svo við gætum haldið sýningu á þeim.

En hvað með innlendar sýningar; var erfitt fyrir ykkur að plægja akurinn?

GRAFÍK EÐA MÁLVERK?

Eins og ég sagði þá fékk sýningin í Unuhúsi frekar dræmar undirtektir. Að visu skrifuðu tveir gagnrýnendur um sýninguna, en það voru ekki beysnir dómur. T.d. sagði annar þeirra að karlmennirnir sýndu ágæt tilþrif, en konurnar væru efnilegir byrjendur. Svona var það nú í þá daga. En 1972

var haldin norræn grafík sýning og þá gerði sænska sendinefndin sem hingað kom sér lítið fyrir og keypti eina mynd af hverjum íslensku þátttakendanna. Þetta varð til að opna augu fólks fyrir þessari ungu listgrein. Í kjölfarið fylgdi hver sýning félagsins á fætur annarri og fengu rifandi undirtektir.

Var það þá sem fólk tók við sér og fór að hamstra grafík eins og sumir vilja meina? Eða finnst ykkur að grafíklistin hafi orðið fyrir ómaklegri gagnrýni vegna þess hversu vel hún selst?

Það er gjörsamlega úr lausu lofti gripið þegar menn halda því fram að grafík seljist eins og heitar lummur. Kannski eru einn eða tveir sem selja nokkuð stöðugt, en öbbinn selur ekki nema kringum sýningar og þá helst þegar um einkasýningar er að ræða. Auk þess er ekki hægt að miða verð á grafík við verð á málverkum, því upphæðirnar eru svo miklu lægri. Fólk verður að skilja það að þegar það kaupir þrykk, þá er það að kaupa hluta af frummynd. Það getur búist við því að sjá sömu mynd á fjölda heimila. En menn fara með fleipur

þegar þeir halda því fram að sala á grafík skyggi á sölu málverka.

GÓÐAR HORFUR

En að lokum, hverjar eru horfurnar í sambandi við grafík? Hafa Íslendingar nokkurn áhuga á öðru en málverkum?

Horfurnar eru mjög góðar sagði Daði. Félögum hefur fjölgað mjög upp á síðkastið og möguleikar til sýninga erlendis eru alltaf að verða meiri. Fjölbreytnin hefur einnig aukist, þótt menn séu að vissu leyti að hverfa æ meir til hefðbundinna aðferða. Framtíð íslenskrar grafíkur er því björt. En hvað varðar hitt, þá er það staðreynd að Íslendingar hafa verið og eru mjög þröngsýnir í mati sínu á list. Til að mynda þá hafa teikningar aldrei höfðað til þeirra, enda er einungis einn listamaður starfandi í landinu sem kallar sig teiknara. Það er hann Flóki.

Stafar þetta vanmat af heimsku, eða skortir einfaldlega kynningu á gildi svartlistar?

Það skortir tilfinnanlega upplýsinga-

streymi varðandi svartlist, sem og aðra myndlist. Það er raunar furðulegt hve mikinn áhuga almenningur hefur á myndlist þegar þess er gætt hve litla umfjöllun hún fær á vettvangi fjölmiðla. Það er stórfurðulegt hve mörg heimili í landinu skarta myndlist. Útlendingar reka upp stór augu þegar þeir koma hingað og sjá fleiri málverk þrýða stofur venjulegs fólks. En þetta verður að rækta, því það er ekki sama hvaða myndlist fólk hefur fyrir augum alla daga. Það þarf að hlúa að smekk manna, ekki síður í myndlist en bókmenntum og það verður ekki gert nema með miklu átaki, s.s. aukinni kynningu í fjölmiðlum.

Þegar ég kveð þau Ragnheiði Jónsdóttur og Daða Guðbjörnsson og óska þeim góðs gengis, verður mér hugsað til allra þeirra tækifæra sem við höfum til að efla íslenska menningu, en látum ónýtt vegna hleypidóma og þröngsýni.

Í innganginum að viðtalinu var einkum stuðst við ágætán formála Aðalsteins Ingólfssonar að sýningarskrá á tíu ára afmælis sýningu Íslenskrar grafíkur árið 1979.

HALLDÓR BJÖRN RUNÓLFSSON